

## *Golden Retriever*

Golden Retriever hundar tilheyra tegundarhópi 8 sem eru sækjandi veiðihundar. Golden Retriever kemur upprunanlega frá Skotlandi og Englandi.

## *Tegundareinkenni*

Golden Retriever er að eðlisfari duglegur sækjandi fuglahundur en í árána rás hefur áherslan í ræktun orðið meiri á þægilegan heimilishund. Þar á að sjálfsögðu hlut að máli fegurð hans, ljúft skap og glaðværð. Golden Retriever er góður heimilishundur, yfirleitt rólegur góður með börnum og öðrum dýrum. Golden Retriever þykir henta vel í vinnu með fötluðu fólki og hefur verið notaður sem blindrahundur.

Golden Retriever getur verið í mörgum blæbrigðum af rjómalit, gulum eða gullnum lit en má ekki vera rauður eða rauðleitur (mahogany). Fáein hvít hár á bringu eru leyfileg.

Golden Retriever á að samsvara sér vel í byggingu, vera kröftugur en má þó ekki vera of grófur. Hreyfingar eiga að vera léttar og frjálsgengar. Ennislöggun á að vera breið og ennisbrúnin vel afmörkuð. Tryni á að vera kröftugt. Augu dökk og augnsvipur vinalegur og mildur. Háls á að vera stæltur. Brjóstkassi djúpur og rúmur. Skottið á að vera beint aftur þegar hundurinn hreyfir sig. Feldurinn á að vera sléttur eða liðaður með þykkan undirfeld sem hrindir frá sér vatni.



*ISSCH Ísgull Askur*

## *Hreyfing og umhirða*

Golden Retriever er kröftugur hundur og þarf talsverða hreyfingu til að vera ánægður. Hressilegur klukkustundar gangur á dag er æskilegur með blöndu af æfingum og frjálsum hlaupi. Golden Retriever er að eðlisfari vinnuhundur. Hann hefur gaman af því að sækja, rekja spor, vera í hundafimi eða leysa þrautir. Þannig geta hundur og eigandi átt góðar stundir saman.

Golden Retriever þarf litla feldhirðu. Hann hefur tvöfaldan feld sem ver hann gegn kulda og er góður að synda. Ekki þarf að baða Golden Retriever hunda oft með sjampói. Nauðsynlegt er að burstu feldinn reglulega. Golden Retriever hundar fara úr hárum. Ekki fá þér þessa tegund ef þú þolir ekki hundahár. Háralosi er hægt að halda í skefjum með vönduðu fóðri og reglulegri burstun.

## *Golden Retriever*

### *Að velja sér hvolp*

Allir hvolpar eru ómótstæðilegir. Þegar þú velur þér hvolp hugsaðu þá um að hann kemur til með að vera förunautur þinn í 12-15 ár. Því er um að gera að velja vel. Mjaðma- og olnbogalos hafa verið vandamál hjá tegundinni eins og svo mörgum öðrum stórum hundategundum. Athugaðu mjaðmaniðurstöður foreldra sem ættu að vera A eða B. Olnbogar ættu að vera lausir við los. Annað sem vert er að gefa gaum er hvort foreldrarnir hafi farið í augnskoðun og fengið niðurstöðu um að ekki sé um arfgenga sjúkdóma að ræða. Þar má m.a. nefna arfgenga starblindu (katarakt). Á heimasíðu retrieverdeildarinnar má sjá upplýsingar um undaneldisdýrin, bæði hvað varðar heilbrigði og árangur á sýningum og veiðiprófum. Ef þú ert að leita að góðum og tryggum heimilishundi sem er alltaf glaður og blíður þá gæti Golden Retriever verið hundurinn sem þú leitar að.

Vefslóðin er: [www.retriever.is](http://www.retriever.is)



*ISSCH Standelbec Gabriella*